



Reykjavík 11. mars 2019

### **Sárafátæktarsjóður Rauða krossins**

Rauði krossinn hefur stofnað sjóð til styrktar þeim sem búa við sárafátækt.

Meginmarkmið sjóðsins er koma til móts við bráðan fjárhagsvanda með úthlutun neyðarstyrks til eldri borgara og barnafjölskyldna sem búa við sárafátækt. Um er að ræða tímabundið átak sem endurmetið verður á aðalfundi félagsins á árinu 2020.

Horft er til tekna og eigna umsækjenda til að meta rétt til styrks. Umsækjendur yngri en 18 ára eiga ekki rétt á styrk né námsmenn í lánshæfu láni hjá LÍN. Þá skulu umsækjendur vera með kennitölu og lögheimili á Íslandi.

Fjárhæðir neyðarstyrks úr sjóðnum:

- Einstaklingar 40.000 kr.
- Hjón og sambúðarfólk 50.000 kr.
- Styrkur hækkar um 10.000 kr. fyrir hvert barn yngra en 18 ára sem er á forræði umsækjanda og á sama lögheimili og umsækjandi.

Rauði krossinn á snertiflöt við flesta hópa í samfélaginu og undanfarið hefur borið meira á fátækt eldri borgara og barnafjölskyldna sem eiga hvorki fyrir mat né læknskostnaði. Félagið telur því tilefni til að vekja athygli á aðstæðum þessara hópa og stofna framangreindan sjóð.

Hlutverk Rauða krossins á Íslandi er að styðja og vera málsvari fyrir þá sem standa höllum fæti. Með stofnun sjóðsins er þessu hlutverki Rauða krossins fylgt eftir og mikilvæg skref stigin í átt að því að aðstoða framangreinda hópa.

Verkefnið verður unnið í samráði við alla aðila er koma að þjónustu við þá er búa við sárafátækt. Gott samstarf milli allra aðila á þessu sviði er mikilvægt til þess að tryggja að þessir hópar fái sem besta þjónustu.

Allar upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu Rauða krossins, <https://www.raudikrossinn.is/sarafataekt> og nánari upplýsingar veitir Hanna Ruth Ólafsdóttir, verkefnastjóri á innanlandssviði Rauða krossins, netfang: [hanna@redcross.is](mailto:hanna@redcross.is).

Með von um samstarf um mikilvægt verkefni er varðar hóp í viðkvæmri stöðu í samfélaginu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins,

Kristín S. Hjálmtýsdóttir  
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.